



## AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKURHREPPS - ENDURSKOÐUN

*Skipulaghópur – fundur 2*

*3. febrúar 2018.*

---

### Mættir

Pétur G. Markan (Súdavíkurreppi), Barði Ingibjartsson (Göngufélag Súdavíkur), Guðfinna Hreiðarsdóttir (sumarhúsa eigendur og landeigendur), Kristján G. Jóakimsson (sjávarútvegur), Stephen James Midgley (ferðapjónusta), Guðmundur B Ragnarsson (Ungmennafélagið Geisli), Gunnar Páll Eydal (Verkís) og Erla Bryndís Kristjánsdóttir (Verkís).

Fundur settur kl. 10:10 á skrifstofu hreppsins í Álftaveri

1. Gunnar Páll fór yfir stöðuna í skipulagsvinnunni.
2. Gunnar Páll fór yfir helstu niðurstöður íbúðarþings sem haldið var í Súdavík í nóvember s.l. Vísað er í kynningarglærur sem sýndar voru á fundinum og skýrslu frá íbúðarþingi.
3. Erla Bryndís og Gunnar Páll fóru yfir einstök málefni og málaflokka aðalskipulagsins og sýndu drög og skissur að aðalskipulaginu. Drögin byggja á niðurstöðum íbúðarþingsins og samtali við fulltrúa í skipulagshópi. Sýndar voru glærur með kortum og texta.
  - a. Íbúðarsvæði, miðsvæði, frístundasvæði og þjónustusvæði  
Erla sýndi drög að uppdráttum og skissur sem sýna mögulega nýtingu í gömlu og nýju byggðinni. Umræður voru góðar og heilt yfir var sátt um tillögurnar. Mikilvægt er að það sé mögulegt að byggja ný hús í Súdavík og að nægt framboð sé af íbúðarhúsnæði. Rætt var um mikilvægi þess að einkaaðilar geti byggt sér frístundahús á öruggu svæði í þéttbýli. Rætt var um ógnanir og tækifæri sem fylgja slíkri uppbyggingu. Setja þarf ákvæði sem tryggja að ekki verð óhóflegt magn íbúða í eigu aðila sem ekki búa á svæðinu og nýta húsnæði sem frístundahús. Einnig þarf að tryggja að útleiga húsnæðis til ferðamanna verði ekki óhóflega mikil. Rætt var um staðsetningu á íbúðum fyrir aldraða. Sérstaklega voru nefndir möguleikar á lóð annars vegar innan við og hins vegar utan við Álftaver.
  - b. Opin svæði og útivist. Sérstaklega rætt um opin svæði, skógræktarsvæði í þéttbýli og íþróttasvæði. Drögin fengu góðar undirtektir. Ræddir voru valkostir vegna nýtingar á fótboltavellinum. M.a. var rætt um hvort betra væri að nýta hann sem íbúðarsvæði. Fulltrúi Geisla telur mikilvægt að nýta svæðið áfram sem útivistar- og íþróttasvæði og nefndi dæmi um hugmyndir. Þétting byggðarinnar er þó einnig mikilvæg.

- c. Iðnaðar- og athafnasvæði. Kynnt voru ákvæði sem takmarka nýtingu ofanflóðahættusvæða í reglugerð 505/2000. Fram kom að iðnaðarsvæðið í gömlu byggðinni henti mjög vel til að þjónusta eldi í Djúpinu en það væru ekki miklir uppbyggingarmöguleikar til viðbótar á þessu svæði. Kynnt voru þau sjónarmið um kalkþörungaverksmiðju sem komið hafa fram á íbúðarþingi og í samtali skipulagsráðgjafa við fulltrúa í skipulagshópi.

Skipulagshópurinn telur rétt að skoða möguleika á að hafa kalkþörungaverksmiðju innar í firðinum, nær Hlíð. Þannig verður verksmiðjan fjær þéttbýlinu og meiri þróunarmöguleikar verða mögulegir á iðnaðar- og athafnasvæðum á Langeyri. Stækkunarmöguleikar íbúðarbyggðar eru til suðurs en verksmiðjan gæti þrengt að þeim möguleikum ef hún er nær Langeyrinni.

Rætt var um hugmyndir um að skipta Langeyri í iðnaðarsvæði og ferðaþjónustusvæði að sunnanverðu. Hópurinn telur að e.t.v. sé heppilegra að hafa Langeyri iðnaðarsvæði og athafnasvæði en að þróa ferðaþjónustusvæði norðan iðnaðarsvæðisins og ofar, nær þjóðveginum, saman með frístundabyggð. Hópurinn tekur undir skissur sem sýna útfærslu gróðurs.

- d. Aðrar umræður um ýmis mál.

Rætt um möguleika á nýtingu jarðvarma og mikilvægi að marka skýra stefnu um hvernig tryggja á húshitun. Skoða þarf allar leiðir. Jafnframt þarf að skoða möguleika á virkjun straumvatns. Rætt var um vatnsréttindi og leyfi þessu tengdu. Súðavíkurhreppur þarf að marka sér stefnu í orkumálum almennt.

Rætt um reglur um viðveru á skilgreindum ofanflóðasvæðum. Reglurnar hafa mikil áhrif á nýtingu á svæðunum, m.a. ferðaþjónustu.

- e. Kl. 13:05 var ákveðið að funda aftur næsta þriðjudag kl. 17 þar sem ekki náðist að fara í allt það efni sem fyrirhugað var. Þá verður m.a. fjallað um landbúnað, frístundabyggð í dreifbýli, ferðaþjónustu, nýtingu eyðijarða, virkjanir, samgöngur, nýtingu fjarða og samfélagsmál.

Fundi slitið kl. 13:10

Fundargerð ritaði Gunnar Páll Eydal